

Starfsáætlun 2022-2023



Heimilisfang: Lækjahlíð 3

Netfang: hulduberg@hulduberg.is

Sími: 586-8170

Vefsíða: www.hulduberg.leikskolinn.is

Unnið af: Aldísi Sunnu Ólafsdóttur & Jónu Rún Gísladóttur

Efnisyfirlit

Ávarp leikskólastjóra	3
Mat á leikskólastarfi og umbótaráætlun	4
Matsáætlun	5
Ytra mat.....	6
Helstu niðurstöður starfsmannakönnunar Huldubergs fyrir árið 2022.	7
Umbótaráætlun.....	8
Áherslur í starfi leikskólans.....	9
Áherslur leikskólans næsta starfsár	9
Starfsmannamál og áætlanir	10
Starfsmannahópurinn 2022.....	10
Starfsþróunarsamtöl	10
Tölulega upplýsingar starfsmanna 2022.....	11
Símenntun frá síðasta ári	12
Áætlun um símenntun í leikskólanum	13
Aðrar upplýsingar	14
Barnahópurinn	14
Foreldrasamvinna.....	15
Þátttökuaðlögun.....	15
Samstarf við aðra skóla og stofnanir.....	15
Almennar upplýsingar	16
Hefðir og menning	17

ÁVARP LEIKSKÓLASTJÓRA

Þegar einu skólaári líkur og nýtt tekur við er gott að líta yfir farinn veg og skoða allt það góða sem gerst hefur á þessu viðburðaríka ári. Í upphafi skólaárs haustið 2021 glímdum við enn við takmarkanir heimsfaraldurs covid19 sem setti sitt strik í hefðbundið leikskólastarf. Við á leikskólanum höfum tekist á við fjöldamargar áskoranir tengdar faraldrinum og ekki hefur alltaf verið auðvelt að halda úti eðlilegu leikskólastarfi. Starfsfólk okkar á skilið hrós fyrir dugnað og eljusemi á erfiðum tímum covid-takmarkana. Með gildi Mosfellsbæjar: virðingu, framsækni, jákvæðni og umhyggju að leiðarljósi í öllu okkar starfi hefur okkur tekist að færa okkur hægt og rólega á nýja tíma engra takmarkana og haldið áfram að takast á við ný og ögrandi verkefni.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á Huldubergi síðastliðið ár, þegar ákvörðun Mosfellsbæjar var að breyta leikskólanum í ungbarnaleikskóla. Má þá byrja að nefna breytingar á starfsmannahaldi t.d. tók Jóna Rún Gísladóttir fyrrum deildarstjóri á Álfabergi við stöðu aðstoðarleikskólastjóra ásamt því að tveir af okkar vönu deildarstjórum hættu störfum og tveir af okkar vana starfsfólki fylltu í þeirra stöðu. Erfitt hefur reynst að fá inn leikskólakennara og ráðning nýs starfsfólks hefur gengið upp og ofan. Okkur er það mikilvægt að leita leiða til að fjölga leikskólamenntuðu starfsfólki á leikskólanum og munum við því vera með opna auglýsingu á alfred.is. Gott er að nefna að nú þegar eru þrír starfsmenn í leikskólakennaranáminu og tveir starfsmenn í framhaldsnámi. Einnig tók Hulduberg þátt í innleiðing á styttri vinnuviku, sem gekk vonum framár. Mikið skipulag og útsjónarsemi gerði okkur það kleift að fara í fulla styttingu september 2021 og hefur það gengið betur en við mátti búast.

Munum við á þessu skólaári þurfa að skoða og endurskipuleggja starfið vegna þeirra breytinga sem hafa átt sér stað og eru við spennt að takast á við nýjar áskoranir. Okkar ástríða er að stuðla að góðu samstarfi heimili og skóla og er foreldrasamvinna og samskipti bæði innan leikskólans sem og utan er okkur mikilvæg. Ein af fyrstu breytingunum sem gerðar voru var að innleiða þátttökuaðlögun í starfið. Við erum spennt að endurmeta og skoða hvernig aðlögun nýrra barna gekk og hver upplifun bæði foreldra og starfsfólks var í aðlöguninni. Stefnan er svo tekin á að endurskoða skólanámsskránna með tilliti til aldurs barnanna hjá okkur.

Þuríður Stefánsdóttir

Leikskólastjóri Huldubergs

Mosfellsbæ

MAT Á LEIKSKÓLASTARFI OG UMBÓTARÁÆTLUN

Tilgangur með innra mati leikskóla er að leggja mat á hvort og að hve miklu leiti markmiðum leikskólans hefur verið náð á fyrra ári. Einnig á innra mat að gefa innsýn inn í starfshætti leikskólans og þróun, stuðla að umbótum og auknum gæðum (Aðalnámsskrá leikskóla, 2011). Í töflu hér að neðan er upplistaðir þeir þættir sem leikskólinn mun leggja mat á næsta skólaári, hvernig það mat mun fara fram og hver tímarammi matsins er við hvert atriði.

Mat á þátttökuaðlögun verður með þeim hætti að send verður út foreldrakönnun á foreldra barna sem hófu leikskólagöngu í ágúst 2022 ásamt því að starfsfólk heldur út nákvæmri skráningu fyrir hvern dag í aðlögun þar sem mun koma fram hvað gekk vel og hvað hefði mátt betur fara. Mat leikskólans á matseðli skólans mun fara fram í september og október 2022. Starfsmenn munu halda utan um skráningu á morgunmat, hádegismat og nónhressingu barnanna, hvaða matur hentar ungum aldri barnanna.

Málproski barnanna verður metin með TRAS málproskaskimun ásamt því að farið verður yfir það málörvunarefni sem leikskólinn á til. Skoðað verður hvar tækifæri til málörvunar og dýpkunar á orðaforða eru líkt og í samverustundum, matartímum, hópastarfi, útiveru, fataklefanum, bleyjuskriptum o.s.frv. svo málörvun verði sem skilvirkust í öllu starfinu. Leikskólalóðin var einnig sett í matsáætlun okkar þar sem leikskólalóð verður skoðuð með aldur barnanna í huga með tilliti til leiktækja og umhverfis.

Víðfangsefni	Markmið	Víðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Þátttökuaðlögun	Er að skoða hvernig aðlögun gekk og hvað má þróa/breyta fyrir næsta haust	Handbók um gæðaviðmið og vísbendingar Huldubergs	I) Spurningarlisti til foreldra II) Skráning starfsmanna	I) Viku eftir aðlögun II) Skráning á hverjum degi í aðlögun. Úrvinnsla gagna lokið 1. október '22	Jóna Rún (aðstoðarleikskólastjóri)
Matseðill skólans	Hvaða núverandi matur hentar börnum á aldrinum 1-2 ára.	Handbók um gæðaviðmið og vísbendingar Huldubergs	Skráningar starfsmanna	Sept. – okt. Úrvinnsla gagna lokið 15. nóvember 2022	Aldís Sunna (sérkennslustjóri)
Málþroski barna	Að efla málþroska barna og standast þær áherslur og markmið sem leikskólinn setur fyrir.	Handbók um gæðaviðmið og vísbendingar Huldubergs	TRAS Verkefnaáætlun Dagskipulag leikskólans Myndaskráning	Mars-apríl 2023 Úrvinnsla gagna lokið 15. maí	Deildarstjórar
Leikskólaíóð	Endurmeta garð með tilliti til aldur barnanna	Handbók um gæðaviðmið og vísbendingar Huldubergs	Vettvangsathugun, með skráningu.	Úrvinnslu lokið 15. apríl	Jóna Rún (aðstoðarleikskólastjóri)

Ytra mat

Helstu niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins fyrir leikskólastarfið. Könnunin var lögð fyrir í febrúar síðastliðnum. Í opnum svörum komu fram mikið af fallegum hvatningarorðum til leikskólans og frábærar ábendingar um það sem betur má fara. Það er ómetanlegt að fá raddir foreldra með þessum hætti í innra mat skólans.

Foreldrakönnun leikskóla - Svarhlutfall: 87%

1. Daglegt leikskólastarf – 93,1% (landið 92,2%) foreldra voru ánægð með leikskólann 100% (landið 94,8%) foreldra sögðu barnið sitt ánæggt í leikskólanum. Ánægja foreldrar með stjórnun skólans er 96,1% (landið 95,2%). Aukning hefur orðið á sérþörfum í mataræði og 92,5% (landið 95,2%) telja að í leikskólanum sé hollt mataræði 92,5% (landið 95,2%).
2. Námsumhverfi – 96,5% (landið 92,6%) foreldrar meta aðstöðu góða og vinnubrögð 83,3% (landið 89,1%). Þátttaka án aðgreiningar telja foreldrar ganga vel í 97,6% (landið 97,2%) tilfella.
3. Samskipti við foreldra – Ánægja með heimasíðu skólans dalar milli mælinga 86,6% (landið 85,3%) telja hana góða. Þekking á stefnu og námskrá leikskólans hefur breyst frá síðustu könnun og 77,6% (landið 81,4%) foreldra töldu sig þekkja hana. 61,7% (landið 63,8%) foreldrar telja sig fá hvatningu til þátttöku í leikskólastarfinu.
4. Upphaf og lok leikskólagöngu – leikskólabyrjun mátu 61,5% (landið 74,3%) foreldra góða og er það lægra hlutfall en við eigum að venjast frá fyrri árum. Flutning milli skólastiga er 95,8% (landið 67,6%) ánægja með sem er mikil breyting milli mælinga.
5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta er nýr þáttur í könnuninni. Þar eru ekki mörg svör foreldra en hlutfall sérkennslu og stuðnings er 1,5% (landið 14,7%). Hlutfall sérfræðipjónustu er 7-1,3% (landið 9,9%).

Aukaspurning fylgdi könnuninni sem mældi ánægju með COVID viðbrögð skólans. Niðurstaðan bendir til mikillar ánægju 94,6% (landið 95,4%).

Helstu niðurstöður starfsmannakönnunar Huldubergs fyrir árið 2022.

Starfsmannakönnun var send út í mars 2022 þar sem svarhlutfall var 88.9%. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru að 78% starfsmanna segjast ánægðir í starfi, 77% sega starfsandann vera góðan og 81% segjast ráða vel við álag sem er á þeim í starfi.

- Ánægja í starfi fer vaxandi.
- Upplýsingaflæði og notkun workplace að aukast.
- Starfsandi góður og bæting í ánægju frá síðasta ári.
- Almenn ánægja með stjórnendum leikskólans.
- Svörun barst varðandi einelti og áreitni. Þær svörunir eru teknar alvarlega og mun verða unnið markvisst að því að bæta úr þeim þáttum.

Umbótaráætlun

Upphaf leikskólagöngu getur oft á tíðum reynst erfitt fyrir bæði foreldra og börn og er því okkar markmið að gera upphafið sem ánægjulegast, því var þátttökuaðlögun tekin inn í starfið með þær áherslur að auka foreldrasamstarf.

Okkar helsta markmið í umbótaráætlun er að vinna að almennri starfsánægju. Mannauður leikskólans er okkur mikilvægur því er markmið okkar að auka starfsánægju með snerpuviðtölum, ný uppsettu starfsmannakveri og hópefli fyrir starfsfólkið. Einnig munu stjórnendur notast við workplace til að halda starfsfólki upplýstu um starfið sem og aðra hluti sem tengjast leikskólanum.

Með þeim breytingum sem hafa verið gerðar er nauðsynlegt að skoða skólanámskránnu og uppfæra hana með tilliti til ungs aldurs barnanna. Hluti af starfsfólki mun heimsækja aðra ungbarnaleikskóla og kynna sér það starf sem þar er unnið ásamt því að kynna sér stefnur þeirra.

Umbótarþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímasetning	Árangur/mat
Upphaf leikskólagöngu	Að allir aðilar (börn, foreldrar og starfsmenn) upplifi upphaf leikskólagöngu sem ánægjulegasta	Þátttökuaðlögun	Jóna Rún Gísladóttir (aðstoðarleikskólalastóri)	Haust 2022	Sjá matsáætlun
Starfsmannaánægja.	Stuðla að starfsánægju allra starfsmanna og efla góð og heilbrigð samskipti.	I) Snerpuviðtöl og ítrekun í byrjun hausts á leiðum til tilkynninga vegna eineltis/áreitni. II) Starfsmannakver leikskólans sé vel kynnt og starfsmenn hafi tækifæri til að kynna sér handbókina. III) Hópefli-námsferð	Allir starfsmenn leikskólans	I) Snerpuviðtölum yfir skólaárið. II) Ágúst 2022 III) Vor 2023	Að starfsmannakönnun sýni aukningu í starfsánægju.
Workplace	Setja inn vinnutengdar upplýsingar á workplace	Virkja starfsmenn inn á workplace	Leikskólalastjóri	Október 2022	Skoða notkun starfsmanna
Skólanámskrá	Móta stefnu leikskólans fyrir börn á aldrinum 1-2 ára	Kynna sér stefnur hjá öðrum ungbarnaleikskólum	Stjórnendateymi leikskólans	Lok maí 2023	Skólanámskrá endurskoðuð 2025-2026

Áherslur leikskólans næsta starfsár

Verkefni /Markmið	Verkefnil	Ábyrgð	Tímasetningar	Árangur/mat
Starfsmannakver – Bæta móttöku nýrra starfsmanna	Uppfæra starfsmannakver, hafa aðgengilegt inn á öllum deildum	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri	September 2022	Að allt starfsfólk hafi kynnt sér starfsmannakverð í upphafi starfs og fá þar af leiðandi strax allar nauðsynlegar upplýsingar.
Undirbúningstímar	Leita leiða til að kjarasamningsbundnir undirbúningstímar falli ekki niður og verði markvissir til framþróunar í starfi og starfháttum	Leikskólastjóri. Fjarveiting vegna stöðugilda.	2022-2023	Skipulag undirbúningstíma, samantekt frá deildum
Snemmtæk ihlutun í málörvun barna	Föst uppbygging málörvunarstunda og útbúnaður á málörvunarefni	Deildarstjórar og sérkennslustjóri	Desember 2022	Samantekt frá teymi.
Hreyfing	Hreyffærnistundir 1x í viku í hópum.	Deildarstjórar og sérkennslustjóri	Október 2022	Samantekt stundanna frá starfsmanni sem heldur utan um þær.
Þátttökuaðlögun	Innleiða þátttökuaðlögun í starfið.	Leikskólastjóri, Aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar.	Mai-Ágúst 2022	Þátttökuaðlögun verði notuð í aðlögun nýrra barna.

Starfsmannahópurinn 2022

Á Huldubergi er lögð áhersla á gott samstarf allra starfsmanna og virðingu í starfi. Starfslýsingar eru aðgengilegar öllum starfsmönnum í tölvum leikskólans ásamt því að starfsmannakver fer inn á allar deildar þar sem starfslýsingar eru í fylgiriti. Þann 1. maí 2022 störfuðu 34 starfsmenn á leikskólanum, 12 af þeim með háskólapróf og þar af 3 með leyfisbréf til kennslu. Fjölbreyttur hópur starfsmanna starfar á Huldubergi, einn starfsmaður hefur þýsku fyrir móðurmál, einn portúgölsku, einn albanísku, átta pólsku, einn rúmensku og einn kínversku.

Starfsþróunarsamtöl

Áherslur okkar er að starfsfólki líði vel og hlustað sé á það og mikilvægt er að byggja upp jákvæðni innan starfsmannahópsins. Markmið okkar er því að starfsfólk fái þrjú til fjögur snerpuviðtöl yfir skólaárið sem standa yfir í um 15 mínútur í senn. Snerpuviðtöl gefa starfsmönnum kleift að vera í góðum samskiptum við stjórnendur og fá reglulega tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Tölulega upplýsingar starfsmanna 2022

<u>Mannauður</u>	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des
Fjöldi starfsmanna					37				39			
Fj. starfsm. 0 - 1 árs starfsaldur									11			
Fj. starfsm. 1 - 5 ára starfsaldur									14			
Fj. starfsm. 5 - 10 ára starfsaldur									10			
Fj. starfsm. 10-20 ára starfsaldur									4			
Fjöldi leikskólakennara					3				3			
Fjöldi karlkyns starfsmanna					6				6			
Fjöldi starfsmanna í leikskólak.námi					3				3			
Fjöldi starfsmanna í framhaldsnámi									3			
<u>Foreldrasamvinna, þjónusta</u>	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des
Fréttabréf til foreldra kemur út 1xmán	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x

Símenntun frá síðasta ári

Starfsþróun 2021-2022	Markmið	Þátttakendur	Tímafföldi	Kostnaður – Greiðandi	Námskeiðshald/Ábyrgð /staðsetning
Fræðsludagur leikskóla Mosfellsbæjar 23/9					
Skyndihjálparnámskeið 7 okt. 2021			4 klst	Leikskólinn	Guðmundur Ingi Rúnarsson
Fjarnám hjá HI í leikskólakennarafræðum		Lilja, Valborg og Hrafnhildur			
Fjarnám hjá HI, framhaldsnám í stjórnun		Jóna Rún			
Fjarnám hjá háskóla í Póllandi í sérkennslufræðum		Jóna Rún			
Innra mat í leikskólasterfi		Jóna Rún			
Trás námskeið		Eva, Eja og Lilja		Leikskólinn	
Stjórnenda morgunfundur með Eyþóri 2/12. 2021		Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórnar			
Nýliðanámskeið		Nýir starfsmenn	1 klst		Mannauðsdeild Mosfellsbæjar
Börn í viðkvæmri stöðu – vinnustofa 4 mars 2022	Auka líkur á farsæld barna með því að efla samvinnu við þá sem vinna með börnum	Aldís og Jóna Rún	3 klst		Stjórnarráðið, ríkislögreglustjóri
Atferlisathugun börn með proskafrávik 25,26 apríl 2022		Jóna Rún	16 klst		GRR
Innra mat í leikskólasterfi		Jóna Rún			Gunnhildur Sæmundsdóttir Leikskólafulltrúi /Anna Magnea Hreinsdóttir Áðijunkt Menntavísindasviðs
Vinnuverndarnámskeið Fjarnámskeið 7 – 14 febrúar 2021		Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður	12 klst		Vinnueftirlit Ríkisins

Áætlun um símenntun í leikskólanum

Starfsþróun 2022-2023	Markmið	Þátttakendur	Tímafjöldi	Kostnaður/greiðandi	Námskeiðshald/ábyrgð/ staðsetning
Nýliðanámskeið	Allir starfsmenn fá innsýn inn í hvernig stjórnýsla virkar og einnig að fá helstu upplýsingar um vinnustaðinn Mosfellsbæ	Allir nýir starfsmenn	1 klst	Mosfellsbær	Kjarni, skrifstofur Mosfellsbæjar
Fræðsiudagur leikskóla Mosfellsbæjar 24/9		Allir starfsmenn		Mosfellsbær	Mosfellsbær
Fjarnám hjá HI í leikskólakennarafræðum	Menntun til leikskólakennara	Lilja, Valborg og Hrafnhildur		Starfsmaður	Háskóli Íslands
Fjarnám hjá HI í stjórnun menntastofnanna	Menntun til stjórnunar innan menntastofnanna	Jóna Rún		Starfsmaður	Háskóli Íslands
Fjarnám hjá HA í menntunarfræði	Fær kennsluréttindi	Aldís		Starfsmaður	Háskólinn á Akureyri
Skyndihjálparnámskeið	Starfsmenn viti hvað skal gera þegar þegar vá ber að höndum.	Allir starfsmenn	4klst	Leikskólinn	Guðmundur Ingi Rúnarsson
Tákn með tali	Hægt sé að nota TMT í leikskólastarfi og fyrir þau börn sem þurfa	Aldís Joannó og Magna	7klst	Leikskólinn	Greiningarstöð
Námsferð erlendis	Fræðsla starfsmanna á aðferðum sem nýtist í leikskólastarfi	Flestir starfsmenn	12klst	Starfsmaður	Námskeið á Alicante
Tákn með tali	Kynning fyrir starfsmenn á tákn með tali	Allir starfsmenn	2klst	Leikskólinn	Greiningarstöðin

Barnahópurinn

Tölulegar upplýsingar 2022

Börnin	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des
Heildarfjöldi barna					104				102			
Drengir					49				44			
Stúlkur					57				56			
Fjöldi tvítyngdra barna								2				
<i>Tungumál (íslenska-portúgalska)</i>									1			
<i>Tungumál (íslenska-norksa)</i>									1			
<i>Tungumál (íslenska-kínverska)</i>									1			
Fjöldi erlendra barna								7				
<i>Tungumál (pólska)</i>									2			
<i>Tungumál (spænska)</i>									2			
<i>Tungumál (Ungverska)</i>									1			
Fjöldi barna í 5-7 klst vistun												
Fjöldi barna í 8-9 klst vistun												
Fjöldi nýrra barna		1	12	7	7			41	1			

Foreldrasamvinna

Samkvæmt lögum (90/2008) er foreldrasamstarf einn mikilvægasti þátturinn í leikskólastarfinu. Leikskólinn annast uppeldi og menntun leikskólabarna að ósk foreldra þeirra. Foreldrar veita nauðsynlegar upplýsingar til leikskólans til að tryggja velferð barna sinna. Starfsfólk leikskólans sér um að stuðla að samstarfi að frumkvæði leikskólastjóra (Lög um leikskóla, 2008).

Við leikskólann Hulduberg er starfandi foreldrafélag sem stofnað var árið 2000. Allir foreldrar/forráðamenn verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir viðburðum og ferðum fyrir börnin sem og ýmsum fyrirlestrum. Safnað hefur verið í sjóð með því að senda út kröfu í heimabanka. Reynt er að stilla upphæð í hóf og ekki er markmið að safna fjármunum. Stjórn félagsins er skipuð 12 fulltrúum, tveimur frá hverri deild. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra og starfsfólks, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna. Auk foreldrafélagsins er starfandi foreldraráð í Huldubergi. Kosið er í það á ári hverju (skv. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90), að lágmarki þrjá foreldra. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og fræðslunefndar (sbr. 2 .gr, 4 .gr. laga um leikskóla nr. 90) um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Bæði foreldrafélag og foreldraráð hefur legið niðri vegna covid19 faraldurs en stefnan er tekin á að endurvekja báða þætti haustið 2022.

Góð samskipti við foreldra er undirstaða góðrar foreldrasamvinnu því höfum við ákveðið að hafa foreldraviðtöl tvisvar á ári í stað einu sinni, fyrsta viðtal verður í október og annað viðtal í byrjun mars. Foreldrum verður gefið tækifæri á símaviðtali, viðtal í gegnum fjarfundarbúnað eða viðtal á leikskólanum. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri á að spyrja spurninga og koma óskum sínum á framfæri ásamt því að deildarstjóri gefur foreldrum upplýsingar er varðar barn þeirra.

Fréttabréf leikskólans er gefið út einu sinni í mánuði í lok mánaðar þar sem koma fram myndir og upplýsingar um starfið í þeim mánuði sem var að líða og upplýsingar fyrir foreldra fyrir komandi mánuð.

Þátttökuaðlögun

Þátttökuáðlögun byggist á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað. Foreldri sinni eigin barni, skiptir á því, gefur því að borða, leikur með því og er til staðar fyrir það. Markmiðið er að barnið kynnist leikskólanum og starfsmönnum á rólegan og öruggan hátt með stuðningi foreldra sinna. Foreldri kynnist starfsfólkinu og öðrum foreldrum. Mikilvægt er að foreldri sé jákvætt og sátt með aðlögunina því það smitast yfir á barnið. Þátttökuáðlögun byggir á þeirri trú að öruggir foreldrar smiti eigin öryggiskennd yfir til barna sinna

Samstarf við aðra skóla og stofnanir

Samstarf hefur verið á milli Huldubergs og Höfðabergs þegar kemur að flutningi elstu barna yfir á Höfðaberg. Haldnir eru fundir með stjórnendum hvors leikskóla og upplýsingum miðlað áfram, ásamt því að börnin fara í nokkrar heimsóknir áður en sumarleyfi hefst. Sumarleikskólinn er einnig samstarfsverkefni leikskóla Mosfellsbæjar. Fyrirkomulag sumarleikskólans er sá að allir leikskólar bæjarins sameinast á einn leikskóla og hinir skólar geta þá nýtt lokunina í viðhald ef þurfa þykir.

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla:

Hliduberg

AGUST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Míflögur verkfræðingur	1 F	1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 L
2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F	2 Míflögur	2 F	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 S
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M
4 F	4 S	4 Þ	4 M	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 M
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 M	6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F
7 S	7 M	7 F	7 M	7 M	7 L	7 Þ	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F
8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 S
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M	10 M	10 L	10 M
11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 L	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ
12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F
14 S	14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F
15 F	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 L
16 Þ	16 M	16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 S
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F	17 M	17 M	17 L	17 M
18 S	18 Þ	18 F	18 M	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ
19 F	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 S	19 M	19 F	19 M	19 M
20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 M	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 Þ	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F
22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 L
23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F	23 M	23 F	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S
24 M	24 L	24 M	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 F	24 M	24 M	24 L	24 M
25 F	25 S	25 Þ	25 M	25 F	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ
26 F	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 M
27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F
28 S	28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F
29 F	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 L
30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M	30 F	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S
31 M		31 M	31 Þ	31 L	31 Þ	31 F	31 F	31 M	31 M	31 M	31 M

Hefðir og menning

Í leikskólanum fá börnin að njóta fjölbreyttrar menningar og lista, hér í leikskólanum hafa myndast ýmsar hefðir með börnunum en þær eru:

Afmæli barna: Afmælisbarnið fær kórónu, það er sunginn afmælissöngur. Barnið er umsjónarmaður þennan dag og fær að sækja matinn inn í eldhús og aðstoða eins og við á. Foreldrar þurfa ekki að koma með neitt í leikskólann þar sem starfsfólk sér um veitingar.

Þorablót: er haldið á Bóndadegi hvert ár og þorramatur framreiddur. Allir búa til víkingahatta eða skotthúfur.

Rafmagnslausi dagurinn: Við tengjum rafmagnslausa daginn við fræðslu um „gömlu dagana“, börnin mega koma með vasaljós í skólann og fá skyr í matinn.

Bolludagur-Sprengidagur-Öskudagur: Á Bolludag eru fiskibollur í hádeginu og rjórabollur í nónhressingu. Á Sprengidag er borðað saltkjöt og baunir. Á þennan hátt er hugað að gamalli íslenski matarhefð. Á Öskudag mæta börnin í grímubúningi og “kötturinn” er sleginn úr tunnunni en í henni er smá glaðningur fyrir hvert barn. Við sláum svo upp dansleik og skemmtilegheitum á eftir.

Þjóðhátíðardagurinn 17. Júní (16.júní)/sumarhátíð: Næsta virka dag á undan 17. júní (fer eftir veðri) er haldin sumarhátíð. Garðurinn er skreyttur og farið er í skróðgöngu kringum leikskólann sem endar í garðinum þar sem búið er að skipuleggja leikstöðvar. Í lok dags er foreldrum boðið í foreldrakaffi.

Bangsadagur: 27. október er alþjóðardagur bangsa. Börnin mega koma með uppáhalds bangsann í leikskólann. – Við syngjum bangsalög, lesum bækur um bangsa ofl. ~~sem okkur~~

Afmæli Huldubergs: 2. nóvember á leikskólinn afmæli en hann var opnaður árið 1999. Pizza er í hádeginu og súkkulaðikaka í nónhressingu. Foreldrakaffi í lok dags.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember: Hugmynd að fá lestur frá nemendum úr Lágafellsskóla

Fullveldisdagurinn 1. desember: Verðum með vöfflukaffi

Jólin: Í nóvember byrjar undirbúningur aðventunnar með tilheyrandi fræðslu og söng og börnin byrja að búa til jólagjafir handa foreldrum sínum í leikskólanum. Leikskólinn er skreyttur í desember og haldið er jólaball, jólasveinninn kemur í heimsókn og hátíðamat er í hádeginu. Jóladaगतal leikskólans: Börnin koma með innpakkaða bók í leikskólann og ein bók er lesin fram að jólum.

Tannverndarvika: Þema vikunnar - Tannvernd

Dagur leikskólans: Við höldum daginn hátíðlegan

Menningarvika leikskóla Mosfellsbæjar: Listaverk frá börnunum í gluggum leikskólans.

Kærleiksvikan: Leggjum áherslu á kærleikann.

Í túninu heima: Leikskólinn tekur þátt í bæjarhátíðinni með mismunandi hætti, en umhverfið er alltaf skreytt í hverfislitum okkar (gulur).

